


Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



Reykjavík, 20. desember 2017
Tilvísun: 201712038 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Brautarholts, Holtabraut 1 - 7, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur, með erindi dags. 12. desember 2017, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi Brautarholts, Holtabraut 1 – 7, til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 13. október 2017. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt óbreytt í sveitarstjórn þann 1. nóvember 2017 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa um framkomnar athugasemdir, ódagsett.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að fjórum einbýlishúsalóðum Við Holtsbraut 1 – 7 er breytt í tvær raðhúsalóðir Holtsbraut 1 – 3 og þar er gert ráð fyrir 4 – 6 íbúðum í hvoru húsi. Lóðamörk færast til vesturs um 5,8 m, bílastæði breytast og verða á sameigilegi svæði vestan lóðar. Aðkomu frá Skeiðavegi að Malarbraut verður lokað og sett er kvöð um göngustíga á lóð við Holtabraut 1 – 7 og Malarbraut 4.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:1000, dags. 3. apríl 2017 og breytt 15. júní 2017.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.


Unnsteinn Gíslason